

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Reyðarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	19.8.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Aðalsteinn Árnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Þór Guðmundsson	<b>Staðsetning</b>	725312,177	512055,178

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fannst ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd er gerð við olúbirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöðina, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar reyndust í lagi.

Einungis bensín er geymt í stöð Skeljungshf. á Reyðarfirði. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olúbirgðastöðvum þar sem gegnumstreymi er minna en 5000 tonn á ári undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað og/eða fljótandi innra þak. Stöðin á Reyðarfirði uppfyllir þau skilyrði og því er þar engin gufuendurnýtingarbúnaður.

Einn geymir er í stöðinni. Bensíngeymir sem var botnþykktarmældur árið 2008.

Bensínlögn á bryggju var þrýstiprófuð árið 2010. Afgreiðslulögnin var þrýstiprófuð 2014 og stóðst prófunina. Afgreiðslulögn liggur að dæluhúsi og gengur tvisvar í gegnum þróarvegg. Tjöruborði er límdur utan á lögnina. Þrýstiprófa á bryggjulögnina á árinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olúbirgðastöðinni. Geymir skoðaður svo og þró. Þróin er ekki með niðurfalli og því er undantöppun í lokuðu kerfi. Nýlegt áfyllingarplan er í stöðinni og frárennsli af því fer í nýja olúskilju. Krafa í starfsleyfi er um mælingu á olúleifum í fráveituvatni stöðvarinnar á þriggja ára fresti. Síðast var mælt árið 2014.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð við olúbirgðastöðina.

Reykjavík, 28.08.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.